



Borgarstjórn Reykjavíkur
16. júní 2026

Tillaga Sjálfstæðisflokks, Viðreisnar og Framsóknar um endurskoðun bílastæðamála í Reykjavík

Borgarstjórn samþykkir að fela umhverfis- og skipulagsráði að móta og afgreiða tillögur sem hafa það að markmiði að leysa úr fjölþættum áskorunum og vandamálum sem snúa að bílastæðum í Reykjavík. Leitast verði við að mæta þeim sjónarmiðum sem fram hafa komið frá íbúum og atvinnurekendum í borginni. Með samþykktinni felur borgarstjórn umhverfis- og skipulagsráði að móta og afgreiða tillögur sem snúa meðal annars að eftirfarandi breytingum:

1. Gjaldskyldutími bílastæða í miðborg verði stytur í samráði við hagaðila og íbúa.
2. Einfalda fyrirkomulag rafrænna greiðslumáta vegna bílastæða í miðborg.
3. Reglur um hámarksfjölda bílastæði við nýbyggingar verði afnumdar og aukinn sveigjanleiki tryggður svo aðstæður verði unnt að meta í hverju tilviki fyrir sig.
4. Kortleggja hvar koma má bílastæðum aftur í notkun sem nú eru ekki aðgengileg í Miðborg. Samhliða verði skilgreindar heimildir til aðstöðusköpunar fyrir veitingamenn á afmörkuðum svæðum. Metið verði hvort slík aðstaða eigi einungis að vera heimil yfir sumarmánuðina.
5. Tryggður verði 90% afsláttur af gatnagerðagjaldi á stæðum í bílakjallara.
6. Bæta lýsingu og eftirlit í bílastæðahúsum á vegum Bílastæðasjóðs.
7. Eiga samtal við hagaðila um ný sleppistæði fyrir sendla og vörudreifingu í miðborginni svo greiða megi fyrir afhendingu vara.



Reykjavík